

Sumar 2006



ORLOFSBLAÐ EFLINGAR-STÉTARFÉLAGS




Geymið blaðið!

Bls. 6



Allt um sumarhús Eflingar

Bls. 29



Ideas for your summer holiday

Bls. 24



Ferðir sumarsins

Nicotinell®

Njótum lífsins saman, reyklaus!



Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munnum og dregur úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingabörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagið án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ónæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



... að komast undir regnbogann

Sumar, sumar, sumar og sól!

Styttist í orlofið

Já, þó úti hvíni vetrarstormar og gangi á með stöku eljum þá þarf víst að fara að huga að sumarfríinu, tíminn líður hratt og sól hækkar á lofti um nokkur hænufet á degi hverjum. Starfsfólk orlofssviðs félagsins hafa unnið markvisst undanfarnar vikur og mánuði að undirbúa úthlutun sumarsins og ekki síður að þróa, bæta og breyta á öllum sviðum sem að mála-flokknum snúa.

Í þessu orlofsblaði Eflingar sem nú berst félagsmönnum eru kynntir þeir kostir sem í boði eru í ár. Blaðið er með hefðbundnu sniði, fyrst og fremst reynt að hafa upplýsingar skýrar og aðgengilegar, og ekki síður fróðlegar greinar og áhugaverðar, t.d. um perlur í náttúru landsins sem allir hafa gaman af að skoða.

Auk þess að lýsa húsunum, aðbúnaði og umhverfi þeirra eru einnig kynntar þær ferðir sem boðið er upp á í ár og er óhætt að fullyrða að þær eru veglegri og jafnvel enn meira spennandi en áður. Ferðir þessar hafa notið mikilla vinsælda undanfarnar ár og er ánægjulegt til þess að

vita hve margir hafa tekið þátt í þeim og notið þeirra. Bæði er um að ræða ferðir erlendis og innanlands og veglega að þeim staðið á allan hátt.

Þó aðaláherslan hjá orlofssjóði hafi frá upphafi verið á sumarhús innanlands og rekstur þeirra er nú svo komið að sífellt aukast kröfur um fjölbreyttari möguleika bæði innanlands og erlendis. Af því hefur leitt að nú eru orlofsávísanir orðinn stór liður í rekstri sjóðsins og sífellt aukning á útgáfu þeirra. Einnig er verið að skoða fleiri möguleika varðandi íbúðir erlendis en gífurleg stemmning hefur verið varðandi íbúðina í Kaupmannahöfn s.l. ár. Ákvörðun um að bæta við möguleikana þar liggur fyrir og verða tvær íbúðir til leigu í Kaupmannahöfn þetta árið.

En þó þessi útrás hafi heppnast vel hjá félaginu þá er það svo að fyrst og fremst hvetjum við til ferðalaga innanlands og er það grunnurinn að starfi félagsins í ferða- og orlofsmálum.

Sífellt er verið að skoða nýja og fjölbreyttari möguleika fyrir félagsmenn, kaupa eða leigja hús og íbúðir til að


endurleigja félögum á sanngjörnu verði og kjörum.

Þótt ótrúlegt megi hljóma þá eru um þessar mundir 40 ár frá því að fyrstu orlofshús okkar í Ölfusborgum voru tekin í notkun. Í kjölfarið fylgdu svo fleiri byggðir, Svignaskarð, Illugastaðir, Einarsstaðir og Flókalundur. Seinna var svo farið að kaupa stök hús á þekktum orlofshúsasvæðum eins og Húsafelli, Úthlíð, Flúðum og víðar.

Þrátt fyrir háan aldur margra húsa eru þau í góðu standi og metnaður félagsins að viðhalda þeim og vera stöðugt að endurbæta og uppfylla nýjar og auknar kröfur tímans. Er það von og ósk félagsins að sem flestir félagsmenn megi njóta þess sem upp á er boðið og eiga ánægjulegt frí með fjölskyldum sínum í okkar vel búnu húsum.

Við viljum minna á að allar upplýsingar sem máli skipta koma fram í þessu blaði og því mikilvægt að geyma það og hafa við höndina.

Gleðilegt og hamingjuríkt orlofi!





KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilsusamlegan hátt.


Skýr

NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ **HEILBRIGÐUM**
LÍFSSTÍL




FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

Svignaskarð - stór hús

20 km norðan við Borgarnes

Leigutími: Allt árið




Fjöldi húsa	6	stærð í fm	57
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	16.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.
Einnig fást þar veiðileyfi í Langavatn

Svignaskarð - minna hús

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	5	stærð í fm	45
svfnherbergi	2	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	5
sængur	5	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	14.500

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.
Einnig fást þar veiðileyfi í Langavatn



Heldur þú áfram að reykja af því að
þú ert hrædd um að þyngjast?



Láttu það eiga sig! Nicorette Freshmint getur tvöfaldað möguleika þína á að vera reyklauss.

Sýnt hefur verið fram á að notkun nikótínþyggjúmmis í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.


Lestu meira á www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ

nicorette[®]
nicotin

Hvammur í Skorradal

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	160
svefnherbergi	6	svefnloft	nei
auka dýnur	4	svefnpláss	13
sængur	10	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	17.500

Komutími: föstudaga eftir kl. 16. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1 kl. 8.30 - 15.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Næsta sundlaug er Hreppslaug, um 7 km. Veiðileyfi fylgir í Skorradalsvatni.

Húsafell

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	60
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já/nei	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	16.000

Í Stórarjóðri 7 og 17 er uppþvottavél en ekki bakaraofn, í Kiðárbotnum er bakaraofn en ekki uppþvottavél. Komutími: föstudaga kl. 16.00, lyklar eru afhentir á skrifstofu Eflingar, Sætúni 1, á auglýstum opnunartíma. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Sundlaug, golfvöllur og verslun er á staðnum. Skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu.

Flókalundur í Vatnsfirði

Leigutími: Sumarleiga




Fjöldi húsa	2	stærð í fm	50
svfnherbergi	2	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	kolagrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
sundlaug	já	verð	14.500

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni á staðnum milli kl. 14.00 - 22.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Næsta verslun er á Patreksfirði ca. 60 km. Esso verslun er hjá hótelinu með helstu nauðsynjavörum. Sundlaug er á staðnum.

Íbúðir á Akureyri

Leigutími: Allt árið



Fjöldi íbúða	6	stærð í fm	50-75
svfnherbergi	2	svfnloft	nei
auka dýnur	3	svfnpláss	5-7
sængur	5-7	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	16.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir hjá Securitas, Tryggvabraut 10 eftir kl. 16.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Fjöldi verslana og annarrar þjónustu auk sundlaugar í göngufæri.

Illugastaðir - Fnjóskadal

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga: bein leiga hjá umsjónarmanni s: 462 6199

50 km austan við Akureyri



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	50
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	16.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 17.00 - 21.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 15.00 föstudag.

Sundlaug og verslun er á staðnum.

Öxarfjörður - Dranghólaskógur

Leigutími: Sumarleiga



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	46
svefnherbergi	3	svefnloft	nei
auka dýnur	2	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
sundlaug	já	verð	14.500

Komutími: föstudaga, lyklar afhentir í versluninni Ásbyrgi frá kl. 16.00 til 22.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.


Ferðapjónusta og sundlaug í Lundaskóla í nágrenninu. U.þ.b. 10 km í Ásbyrgi, 35 km til Kópaskers og 65 km til Húsavíkur.

Einarsstaðir

11 km frá Egilsstöðum



Leigutími: Sumarleiga
Vetrarleiga: Afl Starfsgreinafélag Austurlands



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	50
svefnherbergi	3	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	14.500

Komutími: föstudaga, lyklar afhentir frá kl. 16.00-19.00 í húsi númer 32. Þeir sem koma á öðrum tíma hafi samband við umsjónarmann í síma 861-8310. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Einarsstaðir á Völlum eru í miðju Fljótshéraði u.þ.b. 11 km frá Egilsstöðum. Sundlaug og verslun er á Egilsstöðum.

Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	2	stærð í fm	67
sængur	10	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	14.500
Svefnpláss	8		

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir á bensínstöðinni á Kirkjubæjarklaustri frá kl. 16.00 - 21.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslun og sundlaug eru á Klaustri.

Vestmannaeyjar - Áshamar 57

Leigutími: Sumarleiga




Fjöldi íbúða	1	stærð í fm	85
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	16.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16.00.
Upplýsingar um lyklaafhendingu á skrifstofu Eflingar. Losa á íbúð fyrir kl. 12.00 brottfarardag.

Herjólfur siglir á föstudögum kl.12 og 19:30 frá Þorlákshöfn. Ferðin tekur u.þ.b. 3 tíma. Verslanir, sundlaug og öll þjónusta er í Vestmannaeyjum.

Flúðir Ásabyggð

Leigutími: Allt árið




Fjöldi húsa	1	stærð í fm	56
svefnherbergi	2	svefnloft	já
auka dýnur	6	svefnpláss	11
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	16.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16. Upplýsingar um lykla eru á skrifstofu Eflingar, Sætúni 1. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslun og sundlaug á Flúðum.

Brekkuskógur

Leigutími: Sumarleiga



Fjöldi húsa	2
svfnherbergi	2
auka dýnur	4
sængur	6
barnastóll	já
bakaraofn	já
útvarp	já
heitur pottur	já

stærð í fm	50
svfnloft	já
svfnpláss	6
barnarúm	já
örbylgjuofn	nei
kolagrill	já
sjónvarp	já
verð	16.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 18.00 - 22.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Þjónustumiðstöð með heitum pottum, gufubaði og sturtum.
Nánari upplýsingar hjá umsjónarmanni.

Úthlíð

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	4
svfnherbergi	2
auka dýnur	4
sængur	8
barnastóll	já
bakaraofn	já
útvarp	já
heitur pottur	já

stærð í fm	60
svfnloft	já
svfnpláss	8
barnarúm	já
örbylgjuofn	já
gasgrill	já
sjónvarp	já
verð	16.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16, lyklar afhentir og skilað á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1 milli kl. 8.30 - 15.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Sundlaug, golfvöllur og verslun með nauðsynjavörum á staðnum.

Ölfusborgir

Leigutími: Sumarleiga

Vetrarleiga í þjónustumiðstöð s: 483-4260



Fjöldi húsa	9	stærð í fm	47
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	16.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 15.00 - 21.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslanir og öll þjónusta er í Hveragerði. Einnig sundlaug og golfvöllur.

Tjaldvagnar

Leigutími: Sumarleiga



Fjórir tjaldvagnar verða til leigu í sumar. Í hverjum tjaldvagni er ágæt aðstaða fyrir fjóra. Leigutaki fær vagninn afhentan á fimmtudegi og skilar honum aftur á miðvikudegi. Leigutími eru 6 nætur, 7 dagar. Verð kr. 12.000.

Vögnunum fylgir hitunartæki, eldunartæki, dýnur, borð og stólar fyrir fjóra.

Til þess að fá tjaldvagn leigðan verða menn að hafa bíl með tengibúnaði sem viðurkenndur er af opinberum skoðunarstöðvum.

Tjaldvagnarnir eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki hægt að lána þá öðrum.

Bannað er að fara með vagnana út fyrir alfaraleið.

Athugið að

Umsjón með vögnunum hefur Fasteignaleigan Smiðjuvegi 6 Kópavogi, sími 517-2222

- Vagnarnir eru afhentir þar á fimmtudögum frá kl. 10.00 til 16.00.
- Skila ber þeim þangað á miðvikudögum á sama tíma.
- Leigutaki ber fulla ábyrgð á vögnunum á leigutímanum.
- Leigutaki sér sjálfur um að fylla á gaskút, komið við á sölustöðum og látið kanna kútana.
- Kynnið ykkur vel meðferð og tengingar á gastækjunum, aldrei er of varlega farið.

Búnaður vagnanna:

- Sveftjöld inni
- Rennd gluggatjöld
- Varadekk

Stærð og þyngd:

- Lengd: 380 cm
- Breidd: 170 cm
- Þyngd: 280 kg

Kaupmannahöfn - leiguíbúðir

Leigutími: Allt árið

Heimilisfang: Johan Semp's Gade 7, 1. hæð til vinstri



svfnherbergi	2	þurrkari	já
auka rúm	já	svfnpláss	6-8
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	útvarp	já
sjónvarp	já	upppvottavél	já
þvottavél	já	verð	36.000

Komutími: föstudaga kl. 14.00
Lyklar á skrifstofu Eflingar
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

**Umsjónarmaður á vegum
Leigumiðlunarinnar fer yfir íbúðina
eftir hverja gesti.**

Íbúðin er vel búin, tvö rúmgóð svfnherbergi auk svefnsófa í stofu og aukadýnu. Hún er í fjölbýlishúsi, á 1. hæð og er lyfta í húsinu. Tvö baðherbergi eru, bæði með sturtu og salerni, þvottavél og þurrkari á öðru baðherberginu og

upppvottavél í eldhúsi. Í íbúðinni eru sængurföt fyrir allt að 6 manns. Gestir skilja við íbúðina eins og þeir taka við henni, allir hlutir frágengnir á sínum stað og þrifið.

Heimilisfang: Ravnsborggade 14, 1. hæð til vinstri



svfnherbergi	2	þurrkari	nei
auka rúm	já	svfnpláss	6-8
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	útvarp	já
sjónvarp	já	upppvottavél	nei
þvottavél	nei	verð	36.000

Komutími: föstudaga kl. 14.00
Lyklar á skrifstofu Eflingar
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

**Umsjónarmaður á vegum
Leigumiðlunarinnar fer yfir íbúðina
eftir hverja gesti.**

Íbúðin er vel búin, tvö rúmgóð svfnherbergi auk svefnsófa í stofu og aukadýnu. Hún er í fjölbýlishúsi, á 1. hæð. Eitt baðherbergi með sturtu og salerni. Í íbúðinni eru sængurföt

fyrir allt að 6 manns. Gestir skilja við íbúðina eins og þeir taka við henni, allir hlutir frágengnir á sínum stað og þrifið.

Punktafrádráttur vegna útleigu

Vakin er athygli á því að nú hefur öll þjónusta orlofssjóðs verið samræmd með þeim hætti að dregnir eru frá punktar af punktaineign félagsmanns vegna

næstum allra úthlutana úr sjóðnum. Er þetta gert til að mismuna ekki þeim sem fá úthlutað orlofshúsi og hinum sem t.d. fara í utanlands- eða innanlandsferð-

ir svo dæmi sé tekið. Reynt er að hafa punktafrádragið í nokkuð réttu hlutfalli við það hvaða verðmæti er fólgið í viðkomandi úthlutun úr sjóðnum.

	1/6 - 16/6	16/6 - 18/8	18/8 - 1/9
Minni hús Svignaskarði og pottlaus hús	48 punktar	72 punktar	48 punktar
Hvammur og önnur hús með pottum	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Akureyri og Vestmannaeyjar	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Kaupmannahöfn	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Tjaldvagnar	36 punktar	36 punktar	36 punktar
Evrópuferð	48 punktar		
Innanlandsferð	24 punktar		
Sólarlandaferð	24 punktar		
Orlofsávisanir	12 punktar		

Hvernig fer úthlutun orlofshúsa fram!

Punktakerfi og úthlutanir

Tölvukerfið úthlutar þannig að öllum umsóknum er raðað eftir punktaröð, þ.e. þeir umsækjendur sem hafa flesta punkta eru efst í röðinni og svo koll af kolli.

Lífaldur ræður ef punktar tveggja eru jafnir þ.e. sá sem er eldri fær fyrst úthlutað. Kerfið les sig síðan í gegn um allar umsóknirnar og skoðar hvert val fyrir sig. Þeir sem ekki fengu úthlutað í fyrstu umferð fara sjálfkrafa beint á biðlista ásamt þeim umsækjendum sem hafa fengið úthlutað s.l. 2 ár um páska eða við sumarúthlutun.

Eftir fyrri staðfestingarfrest verður úthlutað aftur skv. sömu reglu á þær umsóknir sem eru á biðlista.

Svona safnast punktar

Punktar safnast þannig að fyrir tekjur sem nema allt að 40.410 kr. á mánuði fæst 1 punktur, en 2 punktar á mánuði fyrir tekjur umfram þá upphæð. Hámarkssöfnun er 12 ár eða 288 punktar. Þegar 12 árum er náð fellur elsta árið aftan af og það nýja bætist við.

Félagsmenn á eftirlaunum og öryrkjar eiga sama rétt á að sækja um hús og aðrir félagsmenn.



Fyrstur kemur fyrstur fær !

Ef engin umsókn er um tiltekna viku eftir fyrri og seinni úthlutun, verður úthlutað samkvæmt sérstakri auglýsingu óháð punktakerfi, þ.e. fyrstur kemur


fyrstur fær. Mikil örtröð er þá jafnan og nauðsynlegt að mæta tímanlega.

Í ár geta félagsmenn komið á skrifstofuna föstudaginn 19. maí og bókað þær vikur sem lausar eru.



San Francisco

Verð frá 61.380 kr.*



*Bókað á www.icelandair.is

Innifalið: Flug báðar leiðir með sköttum.
Ferðatímabil: 17. maí – 18. október 2006.

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Mikilvægar tímasetningar

Þetta þarf að athuga vel ef þú ætlar að sækja um sumarhús/íbúð

Umsóknir fyrir sumar 2006

Tekið er við umsóknum vegna orlofsdvalar í húsum og íbúðum Eflingar - stéttarfélags til og með **7. apríl** nk. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar fyrir.

Úthlutun

Fyrsta úthlutun mun liggja fyrir **19. apríl**. Staðfestingarbréf verða send út til þeirra sem fengu úthlutað í fyrstu

umferð. Staðfesta þarf og greiða eigi síðar en til og með **3. maí**. Annars er lítið svo á að viðkomandi ætli ekki að taka bústaðinn. Önnur úthlutun liggur fyrir **8. maí** og þá fá allir bréf hvort sem þeir fengu úthlutað eða synjun. Greiðslufrestur hjá þeim er til og með **15. maí**.

Enginn biðlisti

Eftir að aðalúthlutun hefur farið fram og greiðslufrestur er liðinn þá liggur

frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags listi yfir allar lausar vikur sumarið 2006. Félagsmenn geta komið á skrifstofuna föstudaginn **19. maí** og bókað þær vikur sem eru lausar. Hægt verður að fylgjast með á heimasíðu Eflingar www.efling.is hvort eitthvað losni í sumar en uppfært er daglega. Greiðslufrestur er 3 dagar frá bókun orlofshúss. Punktar eru dregnir frá að fullu yfir orlofstímabilið þó viðkomandi bóki orlofshús með stuttum fyrirvara.

Slysin gera ekki boð á undan sér

Aldrei of varlega farið í orlofshúsunum

Aldrei er nóg samlega brýnt fyrir fólki að fara varlega og sýna fyllstu aðgæslu, kynna sér vel staðsetningu slökkvitækja, brunaútganga, neyðarnúmer og annað sem að gagni gæti komið ef óhapp ber að höndum. Sem betur fer er afar sjaldgæft að eitthvað alvarlegt komi upp í sumarhúsunum, langoftast er um að ræða smáóhöpp eins og hruflað hné, rispa á fingri eða smáskurðir. Þá kemur sjúkrakassinn sér vel en í honum er að finna krem og plástur, en það er einmitt það sem lækna flest þessi óhöpp.

Hins vegar er líka nauðsynlegt að kunna skil á slökkvitækinu ef á þyrfti að halda. Þá eru öryggisnúmer á öllum húsum sem fólk notar ef gefa þarf upp staðsetningu vegna slyss.

Öll meðferð elds kostar sérstaka aðgæslu, hvort sem um er að ræða grill,



Fífldirfska eða heimska?

kertaljós eða einfaldlega reykingar. Umsjónarfólk verður stundum vart við skemmdir af völdum elds og þá sérstaklega þar sem sprittkerti eru látin beint á borð og brenna hring í yfirborðið.

Stundum virðist sinnuleysi fólks algert í þessum málum og dæmi um að slíkt kerti hafi brennt gat á rúmdýnu eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Þar er hrein lífshætta á ferðum!

Þá viljum við brýna sérstaklega fyrir fólki nú þegar heitir pottar eru komnir svo víða, að gæta sérstaklega að börnum í nálægð þeirra. Börnin eru alltaf á ábyrgð forráðamanna sinna og aldrei á að hleypa þeim í pottana án þess að gæta að hitastigi vatnsins og öllum aðstæðum áður en börnin fara í pottinn. Dæmi eru um að öryggisbúnaður pottanna hafi

bilað og vatnið orðið of heitt.

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfríið verði áfallalaust og allir komi kátir heim!



Reybskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.



Sumardagur í Úthlíð

Þegar þú ferð í orlofshús.....

Minnisblaðið þitt...

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýst-um tíma! Ef þið tefjist er alveg nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu!

Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél og bakaraofn og örbylgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1 - 2, loka gluggum og hurðum vandlega, skila lykli á sinn stað og taka rafmagnstæki úr sambandi. Komið ábendingum og athugasemdum til umsjónarmanna eða á skrifstofu Eflingar.

Húsbúnaður

Orlofshús Eflingar eru með svipuðum búnaði, ætluð fyrir 5 til 10 manns eftir stærð. Öll eldhúsahöld eru til staðar, ísskápur, eldavél og örbylgjuofn. Sængur og koddar, barnastóll og barnarúm, sturta, svo og sjónvarp, útvarp og kola- eða gasgrill.

Orlofshúsin eru sameign okkar, göngum um þau af alúð og sóma. Ef einhverju er ábótavant varðandi umgengni eða viðskilnað fyrri gesta vinsamlega látið þá umsjónarmann eða skrifstofu félagsins vita. Ef vanhöld eru varðandi þrif getur komið til þess að húsið verði þrifið á kostnað síðasta leigutaka.

Leigutaki þarf að hafa með sér handsápu, handklæði, diskapurrkur, borðtuskur og salernispappír. Einnig lín utan um sængur og koddar.

Öllum húsum Eflingar fylgja efni til þrifa, uppþvottalögur og burstar, gólfþega og wc hreinsir. Gólfþegar og moppur eru til staðar svo og kústar og ryksuga.

Bannað!

Gert er ráð fyrir að leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Allt húsdýrahald er alfarið bannað í orlofshúsum Eflingar. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli í kjölfar dýrahalds í húsunum. Brot á þessu varðar tafarlausr brottvísun úr húsinu.

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Eflingar-stéttarfélags í síma 510-7500 (Ólöf eða Sveinn).



Orlofsávísanir

Létta þér ferðakostnaðinn

Á þessu ári verða gefnar út 800 orlofsávísanir að upphæð 5.000,- kr. hver. Athugið að þetta er takmarkað magn, en magnið hefur verið aukið síðan á fyrra ári og mun fleiri þjónustuaðilar taka þær sem greiðslu.

Helstu reglur sem gilda um ávísanirnar eru eftirfarandi:

- Sækja verður um ávísanirnar á skrifstofu félagsins eða í síma.
- Skilyrði fyrir því að fá ávísun er að hafa greitt samfellt félagsgjöld til félags-

ins s.l. 12 mánuði og eiga að lágmarki 48 punkta í orlofskerfi félagsins.

- Uppfylli umsækjandi þær kröfur fær hann úthlutað og senda ávísun meðan þær eru til.
- Réttthafinn einn, þ.e. félagsmaðurinn, getur notað ávísunina sem greiðslu vegna ferðar í sínu nafni og þarf hann að framselja hana gagnvart þjónustuaðila.
- Ekki er hægt að fá úthlutað orlofshúsi, utanlandsferð og ávísun á sama árinu, aðeins ein úthlutun á mann!
- Ávísanir gilda ekki sem greiðsla fyrir

sumarhús, íbúðir eða í ferðir á vegum félagsins.

- Þessi kostur er kjörinn fyrir þá sem ekki hafa átt þess kost að dvelja í orlofshúsunum en vilja nýta réttindi sín í orlofssjóðnum með öðrum hætti.
- Hægt er að fá ávísun á hverju ári ef nægir punktar eru til og félagsmaðurinn er í greiðslu.
- Ekki er hægt að skila ávísun.

Sjá nánari upplýsingar á bls. 22 um hvar og hvernig má nýta orlofsávísunina.



2006

SUMAR FERÐIR

— ERU BETRI EN AÐRAR!

~~Varir~~ Alicante · Benidorm · Albir · Calpe
Mallorca · Lanzarote · Portúgal · Krít · Golf ferðir



Höfum það
virkilega gott
í sumar!

Hlutverk okkar er að bjóða framúrskarandi
sumarferðir á verði fyrir vinnandi fólk.

Áfangastaðirnir eru sólríkar strendur
Suður-Evrópu þar sem vandaðir gististaðir
og fjölbreytt afþreying bíður allra í
fjölskyldunni í allt sumar.

• www.sumarferdir.is

• Sími 575 1515

Fyrirtæki sem taka orlofsávísunina

Margir kostir!



Flatmagað í sólinni

Nú í upphafi nýs árs eru margir þegar farnir að huga að ferðalögum og frítíma sínum þó enn sé hávetur.

Ferðabæklingar og tilboð um sól og sælu streyma til fólks jafnvel fyrir áramót og ekki seinna vænna að festa sér ferð í tíma. Þá kemur að því að nýta sér orlofsávísunina sem svo margir hafa gert síðustu ár.

Nú þegar liggur það fyrir að margir ferðabjónustuaðilar innanlands munu verða í samstarfi við Eflingu stéttarfélag um orlofsávísanir á þessu ári.

Ávísunin gildir sem greiðsla fyrir flesta þá þjónustu sem þeir aðilar veita. Um undantekningar og sérskilmála getur þó verið að ræða í einhverjum tilvikum. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vel þá skilmála sem gilda um notkun ávísunarinnar hjá einstökum aðilum.

Eftirtaldir aðilar hafa gert samning við Eflingu um að taka við orlofsávísunum sem greiðslu upp í þá þjónustu sem keypt er af þeim á árinu 2006:

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vel þá skilmála sem gilda um notkun ávísunarinnar hjá einstökum aðilum

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í hópferðir árið 2006. Farið er m.a. til Prag, Búdapest og Berlínar. Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.gjtravel.is og í síma 511 1515.

Sumarferðir taka á móti orlofsávísunum Eflingar sem greiðslu í pakkaferðir ferðaskrifstofunnar. Orlofsávísanir verður hægt að nota í allar ferðir á vegum Sumarferða á árinu 2006. Nánari upplýsingar á vefnum, www.sumarferdir.is og í síma 575 1515.

Útivist tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í ferðir félagsins sem kosta yfir 12.000 kr. árið 2006. Nánari

upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 562 1000 og www.utivist.is

Ferðaskrifstofan Terra Nova Sol tekur við orlofsávísun í allar auglýstar pakkaferðir með leiguflugi árið 2006. Nánari upplýsingar í síma 591 9000 og á www.terranova.is

Ferðaskrifstofan Plúsferðir tekur við orlofsávísun í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2006. Leitið nánari upplýsinga í síma 539 2100 og á www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2006. Nánari upplýsingar í síma 585 4000 og á www.urvalutsyn.is

Smyril Line Ísland tekur orlofsávísanir sem greiðslu upp í ferðir með Ms. Norrænu. Norræna siglir nú allt árið til Seyðisfjarðar. Upplýsingar á skrifstofu að Sætúni 8, sími 5708600.

Ferðaðþjónusta bænda tekur við orlofsávísunum vegna gistingar og annarrar þjónustu sem veitt er á hverjum stað. Yfir 120 bæir eru innan vébanda ferðaðþjónustunnar um allt land. Ýmsir flokkar gistinga er í boði. Nánari upplýsingar má fá í síma 5702700 eða á www.farmholidays.is

Flugleiðahótel reka tvær hótélkeðjur, Icelandair hótelin og Hótel Eddu. Í ár taka hótelin við orlofsávísunum Eflingar. Icelandair hótelin eru 8 heilsárshótel í Reykjavík, á Suðurlandi og á Austurlandi. Nánari upplýsingar í síma 5050910. eða á www.icehotels.is.

Í **Hótel Eddu** keðjunni eru alls 15 sumarhótel tveggja til þriggja stjörnu hringinn í kringum landið. Flest eru starfrækt í skólum og ýmsa þjónustu að fá þar.

Athugið að ýmis sértílbod og takmarkanir geta verið í gildi. Yfirleitt þarf að panta með fyrirvara. Nánari upplýsingar í síma 5050910. Sjá nánar á www.icehotels.is og hoteledda.is

Fosshotel er keðja 13 hótela um allt land. Orlofsávísun gildir til að greiða fyrir gistingu ekki fyrir mat og drykki og gildir ekki með öðrum tilboðum.

Athugið að ýmis sértílbod og takmarkanir geta verið í gildi. Yfirleitt þarf að panta með fyrirvara. Upplýsingar eru veittar í síma 562 4000. Sjá einnig á www.fosshotel.is

Ferðaskrifstofan Heimsferðir tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í allar pakkaferðir á vegum ferðaskrifstofunnar. Frekari upplýsingar í síma 5951000 og á netinu www.heimsferdir.is

Prima - Embla ferðaskrifstofa tekur orlofsávísanir sem greiðslu í ferðir á vegum ferðaskrifstofunnar árið 2006. Prima - Embla er leiðandi í sérferðum til fjarlæggra áfangastaða. Nánari upplýsingar í síma 562-0400 eða á netinu á www.primaferdir.is

Prima - Embla, fyrsta flokks alla leið.

Iceland Express tekur orlofsávísanir sem greiðslu í allar almennar ferðir sem auglýstar eru á vegum ferðaskrifstofunnar. Ávísanir gilda þó ekki í sérstök verðtilboð sem Iceland Express býður hverju sinni.

Nánari upplýsingar í síma 550 0600 eða á www.icelandexpress.is



Ferðaskrifstofan Ísafold tekur við orlofsávísunum Eflingar sem greiðslu í allar almennar ferðir sem auglýstar eru

á vegum ferðaskrifstofunnar árið 2006. Nánari upplýsingar í síma 544-8866 eða á www.isafoldtravel.is

FERÐAMENN

Tökum öll þátt í sjálfsagðri umhverfisvernd.

Hirðum um umhverfið hendum ekki verðmætum.
Flestar drykkjarvöruumbúðir eru skilagjaldskildar.
Skilagjaldið, fæst endurgreitt við móttöku
umbúðanna hjá Endurvinnslunni hf., eða hjá
umboðsmönnum hennar um land allt.

ENDURVINNSLAN HF



Fjallabak syðra

Náttúruundur við Torfajökul

Þessi fallegi foss í Bláfjallakvísl á Fjallabaki syðra er ein af mörgum nafnlausum perlum í náttúru Íslands

Á leið yfir Fjallabak syðra eru margir fallegir staðir þar sem hægt er að staldra við og njóta náttúrunnar. Eitt af kennileitum á leið um Fjallabakið er Torfajökull sem sést vel af leiðinni sem ekið er um. Torfajökull er 1190 metra hár og sést best að sunnan og vestanverðu.

Ekki er erfitt að ganga á Torfajökul og sjálfur er jökullinn greiðfær þegar upp er komið. Fjallabak syðra er einmitt meðal þeirra svæða sem Efling-stéttarfélag mun bjóða félagsmönnum sínum að sækja heim í einni af sumarferðum félagsins.

Svæðið umhverfis Torfajökul er eitt hið fegursta og fjölbreytilegast á landinu. Fjöll eru þar öll úr líparíti, furðubreytileg að formi og litum. Þarna eru mörg hrafntinnuhraun, hin einu á landinu. Liggja þau í röðum og ætla menn að raunverulega sé þar aðeins um fjögur gos að ræða. Hafa þau orðið til eftir ísöld og sum eftir landnám.

Á síðasta jökulskeiði hefur orðið þarna mikið öskjusig.

Við Torfajökul er eitt mesta jarðhitasvæði landsins. Þau liggja á um 100 m² svæði sem öll liggja innan öskjunnar.

Mest er um brennisteins- og leirhverir en laugar eru nokkrar. Ýmsar eldstöðvar eru í grennd við Torfajökul og má þar nefna Heklu og Eldgjá.



Á ferð að fjallabaki

Ekta íslenskt...



ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf

Vekur upp góðar minningar

Hver þekkir ekki ilminn af nýbökuðum Vilko
vöflum með gómsætri Mömmusultu og
rjúkandi heitu Rúbín kaffi? Með fjölskyldu
og vinum í kaffinu á sunnudögum eða uppi
í sumarbústað, þá jafnast ekkert á við
gómsætar vöflur og ljúffengt kaffi.



Vilko vöflur, Mömmusulta og Rúbín kaffi, svo ekta íslenskt.



Ítölsku vötnin heilla

Vatnasvæði í skjóli Alpanna

Það er sagt að við Gardavatn sé miðjarðarhafslöftslag þar sem áhrifa frá Miðjarðarhafinu og skjól af Ölpunum myndi þessar aðstæður. Gardavatn er stærst af vötnunum sem eru fjölmörg við rætur Alpanna. Djúpir dalir og há fjöll er ramminn utanum hluta þeirra auk þess sem sagnir og menningin hefur blómstrað á þessum svæðum. Ein ferð Eflingar-stéttarfélags í sumar er einmitt á þetta vinsæla svæði Evrópu.

Við Garda eru mörg þorp og bæir sem mikill fjöldi ferðamanna heimsækir á hverju ári eða um 5 milljónir manns. Á vatninu sigla bátar og ferjur og fólk getur ferðast yfir eða um vatnið til að sjá fagar byggingar og gróðursælar sveitir.

Landsvæðið í kringum Gardavatn er mjög ólíkt en að norðanverðu er vatnið mjótt en breikkar svo frá miðju til suðurenda í breitt stöðuvatn sem er næstum hringlaga en þaðan rennur áin

Svæðin við vötnin hafa verið ferðamannastaðir fyrir norður Evrópubúa í margar aldir

Mincio í áttina að stórfljótinu Pó. Við suðurenda vatnsins er mikið ræktað af sítrónum, appelsínum, olívu og víða eru pálmatré auk vínviðar sem nýtur sín vel á þessu svæði.

Árið 1992 var mengun svo mikil í og við vatnið að gera þurfti stórtækt átak til að koma málunum í betra horf. Nú í dag er vatnið með ásættanlega stöðu og svæðið hefur allt sett upp áætlun um mengunarforvarnir til verndar þessari náttúruparadís.

Svæðin við vötnin hafa verið ferðamannastaðir fyrir norður Evrópubúa í

margar aldir og eru þjóðverjar í miklum meirihluta ferðamanna við t.d. Gardavatn. Þar eru allir gistaðir uppantaðir á háannatímanum. Miklar og þekktar borgir eru í námunda við Garda s.s. Verona og Mílanó. Mílanó er í dag þekktust fyrir að vera helsta tískuborg Ítalíu og einnig fyrir dómkirkjuna og Skala óperuna.

Í Veróna er stórt og mikið hringleikahús frá tímum Rómverja og er þriðja stærsta sinnar tegundar á Ítalíu og rúmar í dag 20.000 gesti þegar þar eru haldnar hátíðir eða stórir útisöngleikir. Í borginni eru margar minjar frá rómverskum tíma en borgin var vel staðsett fyrir þá sem fóru milli landa í Evrópu og suður til Rómar. Miklar og fallegar miðaldabyggingar er líka vert að skoða auk þess að ferðast um og njóta þess að setjast og fá sér góðan drykk á kaffihúsum eða skemmtilegum veitingastöðum sem er hvarvetna að sjá á þessum slóðum.

Miðpunktur ferðar Eflingar um Jónsmessuna!!

Á Klaustri kemur vorið fyrr

Einn af skemmtilegum útivistarstöðum á Suðurlandi er á Kirkjubæjarklaustri. Þegar dvalið er á Klaustri er um margt að velja til að skoða í náttúrunni og sögunni. Sagan segir að klaustur hafi verið á þessum stað um árið 1200 og að það hafi verið nunnuklaustur. Því til sönnunar eru mörg örnefni á staðnum sem benda til þess s.s. Systrastapi, Systravatn, Sönghellir, Glennirar, Kirkjugólf og fleira.

Meðallandið og Meðallandsfjörur eru sérstakt svæði til að ferðast um og njóta því þar er margt fallegt að sjá. Í sveitunum í kringum Klaustur er hraun- og vikurflákar enda er þarna eitt víðfeðmasta hraun í heimi enda afleiðingar hinna miklu Skaftárelda sem áttu sér stað á árunum 1783-1784. Þá er átt við hin ægilegu Móðuharðindi því askan og gosgufurnar voru óvenju eitruð svo grasbrestur varð og hefyndur lítill auk þess sem fénaður sýktist og féll bæði af eitrunum og hungri. Tugir þúsunda fjár, nautgripa og hrossa féllu og talið er að um 10.000 manns hafi látist á árunum 1783-1786 eða um 20% þjóðarinnar í afleiðingum af þessu mikla gosi.

Margar sögur eru tengdar gosinu og er ein þannig að við eldmessuna hafi framgangur hraunsins verið stöðvaður við Eldmessutanga. En þar var presturinn á bæn með fólkinu úr sveitinni.

Hægt er að ganga á Eldmessutanga og víða eru skír ummerki um hraunstrauminn þegar farið er með Skaftá sem verulega breytti um farveg í gosinu.

Margir fara í dag að Lakagígum til að njóta náttúrufegurðar og heillandi litadýrðar og margir sjá hálendið upp að

Vatnajökli í allri sinni dýrð frá Lakagígum.

PRODERM
SUNSCREEN

6 klukkutíma vörn
Eina sólarvörnin sem er skráð læknisfræðileg.

UVA * MAX**

Gefur fallegan, endingargóðan sólbrúnan lit.

6 klst. vörn þolir sjó, sund, svita, sand og leik.

PRODERM
SUNSCREEN FOR MEN
UP TO 6 HOURS PROTECTION
30
MOIST

SPF 8 15 25 30

Fæst í apótekum og friðhöfninni.



Bær galdramannsins á Klúku í Bjarnarfirði

Galdrar á Ströndum

Pegar ferðast er um Strandirnar er um margt að velja til að skoða betur. Fólk þarf að gefa sér góðan tíma til að fara um Strandirnar því það er svo margt að

sjá og skoða. Galdrasafnið á Hólmavík er staður sem enginn má missa af þar sem safnið er einstætt á Íslandi. Fyrsti áfangi þess var opnaður árið 2000 og

hefur síðan verið unnið að opnun fleiri staða þar sem skoða má söguvið galdra en Vestfirðir skera sig úr á galdratímanum hér á landi þar sem einna mest bar á ofsóknum og galdrafári.

Í Árneshreppi bar mjög á ofsóknum og árið 1654 voru þrír menn brenndir á báli fyrir galdra í Trékyllisvík. Fleiri galdramál komu upp í sýslunni t.d. var Klemus nokkur Bjarnason í Steingrímsfirði á Ströndum dæmdur á bálið árið 1690 fyrir galdra, síðastur Íslendinga. Konungur mildaði reyndar dóm hans í ævilanga útleigð.

Á galdrasafninu á Hólmavík er hægt að sjá mismunandi galdra, skræður og blöð, galdrastafi og gripi. Þar má einnig sjá hvernig galdrakúnstir lifðu í þjóðtrúnni og hverju menn ímynduðu sér að hægt væri að áorka með aðstoð yfirnáttúrulegra krafta.

Á galdrasafninu er líka hægt að fræðast um helstu staði sem tengdir eru galdramálum á Ströndum.

Það er því ástæða til að hlakka til ferðarinnar með Eflingu í sumar þar sem einmitt verður komið við á helstu galdrastöðum í þessu stórfenglega landslagi Strandanna.

Fjallakraginn er ægífagur og sjórinn sléttur

Djúpavík á Ströndum



Hótel Djúpavík

Í Reykjarfirði á Ströndum er lítil byggð sem í daglegu tali er nefnd einu nafni Djúpavík en saga Djúpavíkur er á þá leið að árið 1917 var Guðjón Jónsson skráður til heimilis í Djúpavík en hann var ráðinn umsjónarmaður með síldar-

söltun Elíasar Stefánssonar. Þetta tímabil hefur verið kallað síldarævintýrið hið fyrra. Því lauk árið 1919 í upphafi kreppunnar miklu með gjaldþroti Elíasar.

Árið 1934 hófst síðara síldarævintýrið á Djúpavík. Þar voru á ferðinni miklir

Á Djúpavík má sjá minjar um þetta tímabil athafnalífs eins og verksmiðjubygginguna og Hótel Djúpavík

athafnamenn sem stofnuðu hlutafélagið Djúpavík h.f. um rekstur síldarverksmiðju og síldarsöltunarstöðvar. Verksmiðjan var rekin með miklum myndarbrag allt fram undir 1950 en þá fór að halla verulega á ógæfuhliðina vegna aflaleysis. Hlutafélagið Djúpavík var leyst upp árið 1970. Halldór Kiljan Laxness fjallar á spaugilegan hátt um síldarárin í bók sinni Guðsgjafarþulu.

Á Djúpavík má sjá minjar um þetta tímabil athafnalífs eins og verksmiðjubygginguna og Hótel Djúpavík sem þá gekk undir nafninu Kvinnabraginn en þar bjuggu síldarsöltunarstúlkur á síldarplani Djúpavíkur h.f.

Það er því spennandi kostur að gista á hótelinu á Djúpavík með alla þessa atvinnu sögu í umhverfinu auk þess sem landslagið, fjallakraginn og norðurhöfin blasa við í allri sinni fegurð í miðnætursólinni.



From Hvammur in Skorradalur

Efling can offer you ideas for your summer vacation

New offers in Copenhagen, Spain and new places in Iceland

This year Efling has new offers for union members in Copenhagen, summerresorts in Spain and at the same time there are new holiday possibilities here in Iceland. Efling has 47 holiday houses all around the country, as well as trailer-tents/campers. Everything is included in the houses, such as a refrigerator, stove, kitchen appliances, television, duvets, pillows as well as cleaning equipment. Guests bring their own towels, dishcloths, rags, duvet covers, sheets, toilet paper and hand soap.

This year is particularly interesting for members as Efling is opening new possibilities in a beautiful summer resort in a sunny village some 20 kilometers from Benidorm in Spain. Efling has also rented an apartment in the center of Copenhagen only 10 minutes walk from The Tivoli Gardens. You can read about these new possibilities and also contact Efling offices and homepage www.efling.is for further information.

Those members renting holiday houses take full responsibility for the houses, furniture and everything that comes with them. The holiday houses are to be returned in good, clean condition. If that is not done the cleaning will be charged to the person that has rented it.

During the wintertime it is possible to rent a holiday house over a weekend or a whole week, depending on what suits each and everyone. Each member can

book one holiday house in advance.

For the summer and winter period holiday houses need to be applied for

within the advertised period.

Applicants are allotted houses by a special system which is based on a number of months that a person has paid union dues during the last 12 years.

First come - first serve

If no applications are for a particular week after the first and second distribution, the holiday houses will be distributed according to a special advertisement regardless of the point system. Those interested need to come to the union's office on May 19th and first come, first serve basis applies.

Efling organises trips in Iceland this summer

This summer Efling is offering trips for members of the union. Two trips are planned for the eastern part of the country and one daytrip to a place closer to Reykjavík. You can read about these offers in this paper. If you are interested do not hesitate to call the Efling office for further information. Tel. 5107500.





**TIL
DANMERKUR
Í FRÍÐ** BÍLALEIGA – SUMARHÚS

ÓDÝRIR bílaleigubílar
fyrir Íslendinga, t.d. vikugjald Dkr. 1.975

SUMARHÚS FRÁ DANCENTER
Verðlisti með yfir 7000 sumarhúsum um
alla Danmörku

ÍBÚÐIR Í ORLOFSHVERFUM
Lalandia

Verið velkomin á heimasíðu okkar
www.fylkir.is

International Car Rental

Umboðsmaður: Fylkir Ágústsson Fjarðarstræti 15 400 Ísafjörður	Fáið sendar frekari upplýsingar Sími 456 3745 Netfang: fylkirag@fylkir.is Veffang: http://www.fylkir.is
--	---

Vika í Vestmannaeyjum

Mögnuð upplifun!



Líkt og áður verður Efling með íbúð í Vestmannaeyjum til útleigu fyrir félagsmenn, nú frá 1. apríl n.k. til 1. október í haust. Íbúðin er að Áshamri 57, með tveimur svefnherbergjum og vel búin að öllu leyti.

Tíðar ferðir eru til Vestmannaeyja, Herjólfur gengur tvisvar á dag, tíðar flugferðir eru frá Reykjavíkurluvelli auk þess sem loftbrú er nánast frá Bakka-fjöru í Landeyjum yfir í Eyjarnar allt sumarið en það flug tekur aðeins um fimm mínútur.

Að dvelja í Vestmannaeyjum getur verið hrein upplifun og geysimargt sem þar er hægt að skoða og njóta.

Náttúrufræðisafnið þar er þekkt víða um heim, ekki síst fyrir fjölda uppstoppaðra furðufiska en sumir eru afar sjaldgæfir hér við land. Þá geymir það milli 250 og 300 uppstoppaða fugla auk þess sem eggjasafnið þar þykir stór merkilegt. Þá er ótalið safn skordýra og fiðrilda sem unun er að skoða. Enginn sem dvelur í Eyjum ætti að láta fram hjá sér fara að skoða safnið.

Þá er undarleg tilfinning að ganga um Eldfellið og skoða það „land“ sem myndaðist í gosinu 1973, en þá urðu um 400 hús ösku og eimyrju að bráð og ýmist brunnu eða grófust í öskunni.

Á síðasta ári var hafist handa við að

Á síðasta ári var hafist handa við að grafa hús undan öskunni og er stefnt að því að á næstu árum verði eins konar Pompei norðursins í Vestmannaeyjum

grafa hús undan öskunni og er stefnt að því að á næstu árum verði eins konar Pompei norðursins í Vestmanna-

eyjum. Hugmyndir eru uppi um að gefa ferðamönnum kost á að taka þátt í uppgreftinum og verður fróðlegt að fylgjast með hvort það á hreinlega ekki eftir að slá í gegn hjá jafnt innlendum sem erlendum ferðalöngum!

Að lokum má benda á að aðstaða til íþróttaiðkunar er frábær í Eyjum og er íbúðin einmitt skammt frá sundlaug staðarins og hinum frábæra og sérstaka golfvelli Eyjamanna.



Efling til Ítalíu

Stefnan tekin á Gardavatn



Spennandi dagskrá er nú til fyrir sumarferðir Eflingar-stéttarfélags erlendis næsta sumar. Ákveðið er að fara út til München 6. júní og aka þaðan áleiðis til Austurríkis og síðan til Ítalíu. Gist verður fyrstu nóttina í Pýskalandi nálægt landamærunum en ekið daginn eftir gegnum Austurríki yfir Brennerskarð til Ítalíu og að Gardavatninu þar sem gist verður næstu fimm nætur á hótélum með sundlaug í garðinum.

Farið verður í tvær dagsferðir frá hótélinu við Gardavatn önnur ferðin verður farin til Veróna en þar verður rómverska hringleikahúsið skoðað en hin ferðin er til Feneyja þar sem m.a. er farið á bát að Markhúsartorgi og deginum eytt í borginni.

Á heimleiðinni verður gist í Leutasch og síðasti dagurinn fer í skoðunarferð um München.

Flogið heim 13. júní í kvöldflugi.

Seinni ferðin er svo 13.-20. júní og er hún eins uppbyggð.

Innritun hefst 6. mars á skrifstofu Eflingar í síma 5107500.

Verð er kr. 68.000 fyrir félagsmann.

Verð fyrir ferðafélaga sem ekki er félagsmaður í Eflingu er kr. 77.000

Greiða þarf staðfestingargjald kr. 20.000 fyrir 10. apríl og greiða ferðina að fullu fyrir 15. maí.



SYNCRO

Heyrnartæki með gervigreind

- Afgreiðslutími innan þriggja vikna
- Bjóðum margar tegundir af sjálfvirkum, stafrænum heyrnartækjum
- Verð frá 47.000 – 170.000 kr fyrir eitt tæki
- Persónuleg og góð þjónusta



Erum með þjónustu á Akureyri - Ísafirði - Egilsstöðum



Heyrnartækni

www.heyrnartaekni.is

Glæsibær Álheimum 74 104 Reykjavík sími: **568 6880**

Tryggvabraut 22 600 Akureyri sími: **893 5960**

Ekkert jafnast á við Strandirnar!!!!

Sigling og ævintýri alla ferðina

Búið er að undirbúa ferð á Strandir í sumar. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir hóp félagsmanna Eflingar á Hótelinu í Djúpuvík. Ferðin verður farin dagana 13.-16. júlí og verður gíst allar nætur á sama stað. Boðið verur upp á bátsferð frá Norðurfirði með ströndinni norður að Horni. Einnig verða gönguferðir t.d í Ingólfsfirði og við Gjögur. Þá er gert ráð fyrir bátsferð út í Grímsey frá Drangnesi á heimferðardegi. Margir áhuga-verðir staðir verða skoðaðir og einnig kynnast ferðalangar sögum um galdratímabilið á Ströndum

Innifalið í ferðinni er akstur, sigling og leiðsögn, gisting á Hótelinu í Djúpuvík, morgunverðir og kvöldverðir. Ferðalangar þurfa að hafa með sér nesti fyrir hádegishressingu en hægt verður að kaupa kaffi á brúsa á Hótelinu.

Verð í þessa ferð er kr. 22.000.-

Innritun hefst 13. mars á skrifstofu Eflingar í síma 5107500.

*Frá Reykjafirði syðri á Ströndum**Spennandi ferð að fjallabaki í sumar*

Jónsmessunótt á Klaustri

Efling-stéttarfélag er nú að undirbúa spennandi ferð að fjallabaki í sumar en miðpunktur ferðarinnar og nætur-gististaður er Kirkjubæjarklaustur. Gist verður með hóp Eflingar 22. - 24. júní en föstudaginn 23. júní er Jónsmessunótt og þá verður væntanlega hægt að baða sig í dögginni á Klaustri í morgunsárið.

Ekið verður um Suðurland að Klaustri með áhugaverðum viðkomustöðum á leiðinni. Daginn eftir er farið að Lakagígum og þar er boðið upp á skemmtilega gönguferð með hópnum fyrir þá sem það vilja.

Seinasta daginn er svo ekið um Fjallabak - Syðra. Sú ævintýraleið er engu lík. Fjallasýnin í björtu veðri er litrík og kyngimögnuð.

Morgunmatur er innifalinn í gistingu á hótelinu á Kirkjubæjarklaustri.

Boðið verður upp á kvöldverði í þessari ferð. Fólk þarf að vera með nesti

*Sumarhús Eflingar á Klaustri*

fyrir dagleiðirnar. Í þessari ferð eru gönguskórnir nauðsynlegir.

Verð í þessa ferð er kr. 18.000.-

Innritun í ferðina hefst 13. mars á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags í síma 5107500.

*Sótt þú inn í svefninn
í RB rúmi*



Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.

74.100,-
án fylgihluta



Hjónarúm
160x200cm
Verð frá kr.

69.100,-
án fylgihluta



Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur.

Fjórir stíflleikar eru í boði; mjúk, medium, stíf og extra stíf, allt eftir þörfum hvers og eins. Framleiðum og hönnum rúm og springdýnur í öllum stærðum og gerðum ásamt því að sérsmiða fyrir hótél og gististaði.

*Rúm og springdýnur eru framleidd
í öllum stærðum*



Sælurúm

Stærðir 80, 90, 120, 130
Lyftibúnaður fyrir höfuð og fætur ásamt nuddi
Práðlaus fjarstýring. Springdýna
Verð frá kr. 160.000



RAGNAR BJÖRNSSON ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Stofnað 1943

Dalshrauni 8

220 Hafnarfirði

Sími: 555 03 97

Fax: 565 17 40

www.rbrum.is



Frá 40 ára afmæli Ölfusborga s.l. haust

Ölfusborgir

Fertugar - og í fullu fjöri!

Í september síðastliðnum var haldið upp á að fjörutíu ár voru liðin frá því að fyrstu orlofshúsin í Ölfusborgum voru tekin í notkun. Eðlilega hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan það var og margt á daga byggðarinnar drifið. Húsin og hverfið hafa gengið í endurnýjun lífdaga og það jafnvel oftár en einu sinni á þessum árum. En þó húsin hafi verið endurnýjuð og verandir stækkaðar með heitum pottum og margvíslegri bættri aðstöðu, er það líkast til mannlífið og gróðurinn við Ölfusborgir sem mestum breytingum hefur tekið undanfarna áratugi.

Á fjörutíu árum má fullyrða að tugir þúsunda launafólks úr mörgum stéttarfélagum hafi ásamt fjölskyldum sínum notið kyrrðar og fegurðar náttúrunnar í hlíðunum austan við Hveragerði. Þá var fræðslusetur ASÍ í eina tíð staðsett í Ölfusborgum en þar fór fram fjölbreytt fræðslustarf hreyfingarinnar í Félagsmálaskóla alþýðu. Á síðasta áratug voru uppi áform um að byggja veglegt fræðslusetur í Ölfusborgum en af þeim áætlunum varð ekki, sem mörgum þótti miður.

Umfangsmestu breytingarnar eru vafalaust þegar byggt var við húsin um 1990 og síðan árið 2000 þegar heitar setlaugar voru settar við hvert hús. Er þá aðeins lítið talið því að í gegnum árin hafa húsin verið margtekin í gegn og má fullyrða að í dag þyki þau nútímaleg, vel búin og góð bæði sumar og vetur.

Mestu umhverfisbreytingarnar í Ölfusborgum urðu á níunda og tíunda áratugnum þegar gríðarleg gróðursetning fór fram á svæðinu en fyrir þann tíma var

ekki mikið um trjárækt við borgirnar. Plantað var bæði á orlofssvæðinu sjálfu og ofar í hlíðum við borgirnar og mun þarna í framtíðinni verða fallegt skógi vaxið svæði.

Þess má geta að Efling-stéttarfélag gaf byggðinni peningagjöf til uppbyggingar á leiksvæðum fyrir yngstu gestina en alltaf má bæta við í þeim málum. Vonumst við til að gjöfin nýtist vel og gestir á komandi sumri megi njóta þess sem keypt verður!



Gróðursett í reit í tilefni afmælisins

Hentar vel í útileikjum!

ÓKEYPIS!

Eigum fyrirliggjandi miklar
birgðir af frísku lofti!

SNÚSNÚBÖNDIN
STYRKJA FJÖLSKYLDU-
BÖNDIN!

YNGJANDI
ÁHRIF!

AUÐVELT OG
FLJÓTLEGT!

Gildir meðan
birgðir endast!

allt hefur áhrif einkum við sjálf

Súrefni er uppsprettu orku og endurnýjunar í líkamanum. Njóttu þess að fara út, teygja loftið og leika við þá sem þér þykir vænt um. Snúsnú, slipp, brennibolti, ganga, línuskautar og sund er fyrirtaks heilsurækt.



LÍFÐHEILSUSTÖÐ

Á leið til Köben?

- gott að vita



Það er rómantískt að rölta um Nýhöfn!

Mjög góðar handbækur eru fáanlegar um Kaupmannahöfn og sjálfsagt að verða sér út um þær og hafa með í farangrinum

Gera má ráð fyrir að flestir sem koma til með að dvelja í íbúðunum í Kaupmannahöfn ferðist með flugi um Kastrup flugvöll. Einfalt er að komast þaðan til miðborgarinnar, lestarstöðin er við útganginn úr flugstöðinni og tíðar ferðir þaðan. Hins vegar má benda á að leigubílar geta verið enn betri kostur og eru alls ekki svo dýrir. Leigubílar frá flugstöð að miðborginni eða íbúðum Eflingar kosta ekki mikið. Fargjaldið með lestinni er hins vegar tæpar 300 kr. íslenskar á hvern einstakling.

Mjög góðar handbækur eru fáanlegar um Kaupmannahöfn og sjálfsagt að verða sér út um þær og hafa með í farangrinum. Bæði innihalda þær greinagóðar lýsingar á gönguleiðum, áhugaverðum veitingastöð-

um og öðru sem máli skiptir. Yfirleitt eru einnig skýr götukort í bókunum sem gott er að rata eftir.

Nokkrar heimasíður sem vert er

að kíkja á áður en haldið er til Kaupmannahafnar, www.danmark.is, www.timeout.com/travel/copenhagen, www.aok.dk.



Útilistamenn á hverju strái





Frá Calpe

Bókaðu beint hjá Sumarferðum!

Sumar og sól á CALPE

Nú gefst félagsmönnum Eflingar tækifæri á að fara til Calpe á Spáni, annað árið í röð, á frábæru verði.

Efling hefur í samstarfi við Ferða-skrifstofuna Sumarferðir samið um hagstæð kjör á þessum ferðum á tímabilinu 18. maí til 1. september.

Fyrirkomulagið er þannig að þú bókar nú ferðina beint hjá Sumarferðum og nýtur þeirra sérkjara sem Efling hefur samið um við ferðaskrifstofuna.

Segja má með sannni að Calpe hafi slegið í gegn sem einstaklega hentugur fjölskyldustaður. Þar eru frábærar strendur, sérlega notalegt andrúmsloft og fjölbreytt afþreying í boði, svo sem skemmtigarður og sundlaugarparadís.

Dvalið er á íbúðarhótelinu Apolo í vel búnum íbúðum, allar með svölum sem snúa í átt til sjávar. Þvottavél, kaffivél og loftkæling eru til staðar í

öllum íbúðunum og þrifið er einu sinni í viku. Brottfarir eru á tveggja vikna

fresti. Fyrsta brottför til Spánar er 18. maí og síðasta heimkoma 1. september. Aðeins er um tveggja vikna ferðir að ræða.

Nú er bara að finna rétta tímann og fara til Sumarferða og panta ferð í sólina í sumar.

Síðasti dagur til að panta á þessu verði er 1. apríl nk. !!!

Verðskrá

Fjöldi í íbúð	Íbúð/tegund	Verð pr. mann í 2 vikur
6	2 svefnherb.	41.990,- kr.
5	2 svefnherb.	45.188,- kr.

4	1 svefnherb.	43.948,- kr.
3	1 svefnherb.	49.930,- kr.
2	1 svefnherb.	61.895,- kr.

Eldri félagsmenn á Benidorm

Aldrei önnur eins aðsókn

Mikil aðsókn hefur verið í ferð eldri félagsmanna til Benidorm í ár. Send voru út til félagsmanna um 2.300 bréf til þess aldurshóps sem á rétt á þessu kostaboði félagsins til sólarlanda. Hátt í 200 manns sóttu um til að komast í ferðina en þetta er mun meiri aðsókn en á síðasta ári. Umsóknarfresti til að sækja um lauk 10. febrúar sl.

Nokkrir sólarlandastaðir hafa verið í boði undanfarin ár. Benidorm hefur verið langvinsælasti áfangastaðurinn. Mun minni þátttaka hefur verið á aðra staði. Þess vegna var ákveðið að þessu sinni að bjóða eingöngu ferð til Benidorm í vor og er ferðin á vegum Sumarferða. Gisting er á Gran Hotel Bali sem hefur verið mjög eftirsótt af eldri félagsmönnum enda dagskrá þar mjög fjölbreytt og skemmtileg.

Sérstök skemmtidagskrá er í boði og skoðunarferðir að allra hæfi.



Benidorm nýtur ávallt vinsælda

Boðið er upp á bæði þriggja og fjögurra vikna ferðir. Ferðirnar verða á tímabilinu 25. apríl til 24. maí. Gistinæt-

ur í þriggja vikna ferð eru 22 nætur en 29 nætur í fjögurra vikna ferð.



...þorir þú :)

Fjölskyldusigling

Ævintýraheimur
Breiðafjarðar!

...yfir 50.000 farþegar
undanfarin 3 ár!



Skelltu þér í Hólminn !

Sæferðir bjóða einnig
úrval ferða og
afþreyingar í og frá
Stykkishólmi

Ferjan Baldur
Flateyjarferð
Dorgveiði
Golf-leiga
Hjólaleiga
Kajakferðir
Hákarlasafn
Veisluferðir
..og margt fleira

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu

Sæferða og á vefsíðu, www.seatours.is

- Fjölskyldusigling Sæferða um Breiðafjörð er frábær skemmtun og einstök upplifun fyrir alla fjölskylduna.
- Við skoðum m.a. fjölbreytt fuglalíf og sérstæðar klettamyndanir í nálægð auk sterkustu sjávarfallastrauma við Ísland. Hápunktur ferðarinnar er þegar við kynnumst í návígi lífríki undirdjúpanna.....og þeir sem þora geta SMAKKAD !

daglegar ferðir kl: 11 og 15

Bókanir í síma 433 22 54



Sími 438-1450 - seatours@seatours.is - www.seatours.is
Sæferðir ehf - Smiðjustíg 3 (við höfnina) - 340 Stykkishólmur - Snæfellsnes



Eirarrósarbreiða í Þjórsárverum

Náttúran - Nýta eða njóta?

Það hefur varla farið fram hjá nokkrum manni sú mikla umræða sem hefur verið um umgengni við náttúruna, nýtingu eða verndun auðlinda, hvar skuli draga mörkin og hvað skuli ganga langt í þeim efnum.

Segja má að einkennilegar þversagnir endurspeglast í þessum málum þar sem þenslan sem nú ríkir í þjóðfélaginu byggist fyrst og fremst á umfangsmiklum framkvæmdum við virkjanir og byggingu og stækkun álvera og annarrar stóriðju.

Æ fleiri raddir tala nú fyrir því að láta náttúruna njóta vafans þegar um er að ræða nýtingu eða notkun hennar. Gífurleg umræða hefur verið undanfarið um Norðlingaölduveitu í Þjórsá og skerðingu Þjórsárvera sem af henni mun hljóta.

Almenningsálitið hefur snúist alveg með verndun veranna og virðist sem meirihluti sé ekki lengur á Alþingi fyrir þessum framkvæmdum.

Kannski finnst fólki nóg um þá gífurlegu röskun sem á sér stað á Austurlandi nú um stundir og tekur þess vegna málstað Þjórsárvera sem án efa eru með merkilegustu stöðum á landinu og nauðsynleg fuglalífi landsins.

Hvað sem öllu líður og hver sem

Æ fleiri raddir tala nú fyrir því að láta náttúruna njóta vafans þegar um er að ræða nýtingu eða notkun hennar

afstaða manna er í þessum málum er um að gera að ferðast sem mest og skoða sig um, njóta lands og náttúru og láta hana njóta vafans á ferðalögum, þ.e. göngum um landið af virðingu og alúð, - njótum þess en níðum ei!



Framkvæmdir í Dimmugljúfrum á Kárahnjúkum

ÉG REYNDI AÐ NEGLA NIÐUR...



ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.



UMFERÐARSTOFA

HÆGÐU Á ÞÉR



Illugstaðir

Hitaveita og heitir pottar!

Á Illugastöðum er þessi fagra kirkja í miðri byggðinni og setur sterkan svip á svæðið

Fjölmargir hafa undanfarin ár notið þess sem orlofssvæðið á Illugastöðum í Fnjóskadal hefur upp á að bjóða en þar er sannkölluð fjölskylduparadís í fögru umhverfi. Öflug þjónusta er á staðnum við gesti, stór fundarsalur, verslun, sundlaug með gufuböðum og stórgóð leiksvæði fyrir börnin. Nýleg leiktæki eru á þeim svæðum og auk þess nýtt minigolf þar sem fjölskyldan getur öll att kappi af miklum móð!

Lengi hefur verið unnið að því að fá heitt vatn í orlofshúshverfið en nóg er af því í næsta nágrenni staðarins. Norðurorka, sem á jörðina Reyki innan við Illugastaði, ákvað svo á síðasta ári að virkja þar og leiða heitt vatn fram allan Fnjóskadal og allt til Grenivíkur.

Fullyrða má að Rekstrarfélag Illugastaða hafi í mörg ár verið í forystu um að ýta á framkvæmdir þessar og ánægjulegt að segja frá því að nú er unnið að krafti við að leggja hitaveitu um svæðið og breyta húsum frá rafhitun í vatnslofna-kerfi. Ekkert bendir til annars en því

verði öllu lokið fyrir sumarið 2006. Um leið verða settir heitir pottar við húsin þannig að segja má að um byltingu á gæðum þeirra verði að ræða. Ljóst er að ásóknin og nýting húsa mun aukast mjög, sérstaklega að vetri til, en sumrin hafa verið vel sótt hingað til enda svæðið vel gróið og fallegt.

Fastlega má búast við að Akureyringar og Eyfirðingar flykkist til Illugastaða á veturna til að njóta lífsins og liggja í pottum í framtíðinni. Þá er ekki síður áhugavert að sjá hvort höfuðborgarbúar

fari ekki í auknum mæli í skíðaferðir til Akureyrar í framtíðinni þar sem farið er að framleiða snjó á skíðasvæðum þar. Þá er tilvalið að dvelja á Illugastöðum og njóta lífsins í heitum pottum eftir puðið í brekkunum! Aðeins er um 40 mínútna akstur þar á milli.

Segja má að þetta sé lokahnykkur á langri framkvæmdahrinu á Illugastöðum, en orlofshúsin á svæðinu, sólpallar við þau og umhverfið allt hefur verið í gagngerri endurnýjun síðustu fimm ár eða svo.



Fullyrða má að Rekstrarfélag Illugastaða hafi í mörg ár verið í forystu um að ýta á framkvæmdir þessar



Svignaskarði í Borgarfirði

Nýtt og glæsilegt orlofshús

Um áramótin síðustu varð tjón á einu af eldri húsum Eflingar í Svignaskarði þegar vatnsleiðsla gaf sig og vatn flæddi um húsið. Töluvert umfangsmikil viðgerð var fyrirsjáanleg á húsinu sem er yfir 30 ára gamalt. Í ljósi þessa var

skoðað að skipta hreinlega um hús og fá nýtt og stærra í staðinn. Eftir vandlega ígrundun ákvað svo orlofsnefnd félagsins að kaupa nýtt hús og setja niður í stað þess gamla. Um er að ræða tæplega 80 fermetra hús og sérlega glæsilegt að öllu

leiti. Stefnt er að því að taka húsið í notkun um mitt sumar 2006.

Meðfylgjandi mynd er af samskonar húsi sem Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur tók í notkun síðastliðið vor.

STÆRSTA OG FJÖLSÓTTASTA MINJASAFN Á LANDSBYGGÐINNI

Samgöngu- og Byggðasafnið í Skógum

Skógar er vinsæll viðkomustaður ferðamanna, enda er þar mikil náttúrufegurð eins og víða undir Eyjafjöllum. Völ er á skemmtilegum gönguleiðum út frá staðnum, en einnig binni þekktu gönguleið Flinnuóröubáls-Þórsmörk. Að Skógafossi koma yfir 100 þúsund ferðamenn árlega og náttúruperlur eins og Eyjafjallajökull, Sólheimajökull og Dyrhólaey eru í næsta nágrenni.

Samgöngusafnið var opnað árið 2002 og er glæsilegt safn um sögu samgangna í landinu á 19. og 20. öld. Þar getur meðal annars að líta reiðtygi, verkstæði söðlasmiðs, hestvagn, fyrstu vélarnar, vegavinnutæki, simaminjasafn, póstmínjasafn, rafmínjasafn og fornbíla af fýrsum gerðum.

Byggðasafnið í Sógum tók á síðasta ári á móti rúmlega 35 þúsund gestum. Á þessum viðfraga stað er varðveitt mikið safn gamla muna og bygginga er vitna um lífsháttu og menningu genginna kynslóða. Á safnlóðinni eru einnig eridubyggð hús sem sýna þróun í húsnæðisgerð þjóðarinnar frá torfbæ til timburhúsa.

Skógakaffi. Í húsakynnum Samgöngusafnsins er verslun og veitingastaður. Þar er hægt að njóta veitinga eftir skoðunarferð um safnsvæðið. Opnað er frá kl. 10:00 til kl. 17:00 alla daga frá 1. júní til 15. september.

Söfnin eru opin daglega frá maí til ágúst
frá kl. 9:00 - 18:30.

Frá september - maí frá kl. 10:00 - 17:00.



Skógasafn - Skógum - 861 Hrósvöllum - Sími: 487 8845 - Fax: 487 8848 - Netfang: skogasafn@skogasafn.is - Veffang: www.skogasafn.is

Náttúruperlur í nágrenni okkar

Víða leynast leyndarmál!




Ferðalangur hugar að heitum læk

Það má með sanni segja að víða leynist náttúruperlur í næsta nágrenni okkar og oftar en ekki leitum við langt yfir skammt þegar njóta á útvistar og fegurðar landsins.

Fram til þessa hafa ákveðnar leiðir á Hengilssvæðinu í nágrenni Reykjavíkur verið vel varðveitt leyndarmál þó þau gefi fjölsóttum stöðum annars staðar lítið eftir.

Þannig telja margir að gönguleið upp frá Hveragerði inn í svokallaða Reykjadalinn gefi sjálfum Landmannalaugum lítið eftir í fegurð og litadýrð. Æ fleiri eru að átta sig á dölunum og þekktum heitum lindum þar, en margir baða sig í þeim eftir gönguferð um svæðið. Vert er að hvetja fólk til að skoða þetta fagra umhverfi allt, en þarna eru nú margar vel merktar gönguleiðir og auðveldar

Fram til þessa hafa ákveðnar leiðir á Hengilssvæðinu í nágrenni Reykjavíkur verið vel varðveitt leyndarmál



Merktar gönguleiðir ofan Hveragerðis



Jarðhiti og litadýrð einkenna svæðið mjög

yfirferðar.

Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið að merkingum gönguleiða á svæðinu og gefið út vandað kort sem sýnir þær

vel. Meðfylgjandi kort og myndir eru einmitt úr þeim bæklingi og gefa góða mynd af svæðinu.

Að sjálfsögðu er einnig rétt að minna

á að umferð um heit svæði krefjast ávallt varúðar og fullrar aðgæslu, t.d. að kanna hitastig heitra lækja og polla áður en farið er að busla í þeim.

Sundlaugin Hraunborgum

FÉLAGSHEIMILI SJÓMANNA

Grímsnesi v/Kiðjabergsveg Sími 486 4414

- ÞRÍR HEITIR POTTAR
- VATNSGUFUBAÐ
- MINIGOLF, HJÓLALEIGA OG PULLBÖRÐ Í FÉLAGSHEIMILI SJÓMANNA
- 9 HOLU GOLFOVÖLLUR

AUK ÞESS ERU Á SVÆÐINU HJÓLHÝSA- OG TJALDSTÆÐI



- Opnunartími sumarið 2006

25. maí - 3. september

Opið alla daga nema föstudaga frá kl. 10:00 - 20:00

Föstudaga frá kl. 10:00 - 12:00 og 17:00 - 21:00



Sumargetraun fjölskyldunnar

- einfalt og gaman og þú getur unnið 10.000.-



Frá Veiðivötnum

Ef þið svarið eftirfarandi 10 spurningum rétt, mynda upphafsstafirnir í svörum orð yfir eitthvað sem getur lagt grunn að góðu sumarfrí!

Rétt svör við spurningunum er að finna í greinum í orlofsblaðinu, þau fara ekki

fram hjá neinum ef grannt er skoðað.

Um að gera að lesa vel!

Sendið rétt svör til Eflingar- Stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík fyrir 1. júlí 2006.

Dregið verður úr réttum úrlausnum og einn heppinn þátttakandi fær verðlaun að upphæð 10.000 kr.

Einfalt og allir að vera með!!

1. Þau eru nauðsynleg fuglalífi.

Svar:

2. 23. júní er

Svar:

3. Kortagerð:

Svar:

4. Ekkert orð byrjar á þessum staf!

Svar:

5. Þar mega ferðamenn grafa!

Svar:

6. Eru á Völlum

Svar:

7. Leiða á vatn allt til

Svar:

8. Guðjón var ráðinn

Svar:

9. Dalir með heitum lindum

Svar:

10. Panta á þessu verði fyrir

Svar:

Sumargetraun Eflingar - stéttarfélags 2005

Nafn: _____

Heimili: _____

Kennitala: _____

Lausnarorð:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

Sími: _____

VELKOMIN

Orlofsávísanir Eflingar gilda á öllum Edduhótelum

Seljalandsfoss



www.hoteledda.is | Sími 444 4000

- Veitingastaðir á öllum hótélunum
- Sundlaugar og golfvellir í næsta nágrenni
- Fyrirtaks þjónusta
- Frá 3.600 kr. nóttin á mann

15 HOTELS AROUND ICELAND



1 ML Laugarvatn • 2 ÍKJ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eldar
9 Vopnafjörður • 10 Stórutjarnir • 11 Akureyri • 12 Laugarbakki • 13 Ísafjörður • 14 Laugar • 15 Hellissandur

Njóttu lífsins á ferð um landið



VISA – á hverjum degi!